

# Kjarasamningur SGS og SA

1. febrúar 2024 til 31. janúar 2028



SGS

Starfsgreinasamband Íslands

# Meginmarkmið kjarasamnings

- I. Lækkun verðbólgu með samstilltu átaki verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda, ríkis, sveitarfélaga og annarra, vextir lækki í humátt á eftir
  - Samið um hófstílltar launahækkunarir
  - Fyrirtæki lækki hagnaðarkröfu sína og dragi úr álagningu
  - Hófleg hækkun opinberra gjalda ríkis og sveitarfélaga
  - Vextir húsnæðislána lækki samhliða lækkun verðlags
  - Öll þurfa taka þátt og skila sínu
- II. Endurreisn tilfærslukerfa vinnandi fólks
  - Barnabætur, vaxtabætur og leigubætur
  - Aðrar umbætur í velferðarmálum
- Ströng forsenduákvæði verja launafólk, komi til þess að markmið samnings náist ekki

# Lengd og tímalína samnings

- Langtímasamningur til fjögurra ára sem gildir frá 1. febrúar 2024 til 31. janúar 2028.
- Launahækkkanir koma til áhrifa á fjórum dagsetningum með árs millibili á samningstíma.

# Launahækkunir

- Hækkunir eru á formi blandaðrar leiðar krónutölu og prósentu.

1. febrúar 2024	1. janúar 2025	1. janúar 2026	1. janúar 2027
3,25%, þó að lágmarki 23.750 kr.	3,5%, þó að lágmarki 23.750 kr.	3,5%, þó að lágmarki 23.750 kr.	3,5%, þó að lágmarki 23.750 kr.

- Hjá SGS leggst krónutöluhækkun á byrjanda í lægsta launaflokki, öll bil milli flokka og starfsaldursþrepa halda sér
- Byrjandi hækkar um 95.000 kr. á samningstíma, eða um 23,6%
- Meðaltalshækkun í töflu SGS er 100.659 kr, eða um 23,6%
- Aðrir kjaratengdir liðir taka almennum hækkunum í kjarasamningi nema um annað hafi verið samið.

# Persónuuppbætur 2024-2027

Ár	Orlofsuppbót	Desemberuppbót
2024	58.000	106.000
2025	60.000	110.000
2026	62.000	114.000
2027	64.000	118.000


# Launa- og forsendunefnd

- Samningurinn stendur og fellur með því að markmið um lækkun verðbólgu náist, sem aftur eru forsenda vaxtalækkunar.
- Til að styrkja forsendur og markmið kjarasamninganna mun sérstök **launa- og forsendunefnd** taka þegar til starfa. Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum tilnefndum af SA og fjórum tilnefndum af samninganefndum þeirra aðildarfélaga ASÍ sem að sameiginlegum samningsforsendum standa.
- Verkefni nefndarinnar er að fylgjast með framvindu þeirra þátta í efnahagslífinu sem áhrif geta haft á markmið samningsins, leggja formlegt mat á forsendur kjarasamningsins og eftir atvikum semja um viðbrögð við forsendubresti sem treysta forsendur samningsins og stuðla að því að hann haldi gildi sínu.

# Forsendur um verðbólgu

- Hóflegar launahækkunar skapa svigrúm til örtra verðlækkana hjá fyrirtækjum og þjónustuaðilum og lækkun vaxta samhliða lækkun verðlags. Náist ekki markmið um lækkun verðlags virkjast forsenduákvæði samnings í september 2025 og september 2026.
- Sé 12 mánaða verðbólga í ágúst 2025 ekki komin niður fyrir 4,95% eða hafi stjórnvöld ekki staðið við fyrirheit skv. yfirlýsingu verður heimilt að segja samningi upp þannig að hann falli úr gildi 31. október 2025.
  - Forsenda um verðlag telst þó hafa staðist ef verðbólga á 6 mánaða tímabilinu frá mars - ágúst 2025 verður 4,7% eða lægri miðað við árshraða.
- Sé 12 mánaða verðbólga í ágúst 2026 ekki komin niður fyrir 4,7% verður heimilt að segja samningi upp þannig að hann falli úr gildi 31. október 2026.
  - Forsenda um verðlag telst þó hafa staðist ef verðbólga á 6 mánaða tímabilinu frá mars - ágúst 2026 verður 4,4% eða lægri miðað við árshraða.

# Forsendur um verðbólgu





# Kauptaxtauki

## -vörn gegn launaskriði

- Haldi kjarasamningar gildi sínu skal launa- og forsendunefnd í mars 2025, 2026 og 2027 úrskurða um sérstakan kauptaxtauka, sýni launavísitala Hagstofu Íslands fyrir almennan vinnumarkað að laun hafi hækkað umfram hækkun lægstu kauptaxta.
- Bera skal saman hlutfallslega hækkun þeirrar vísitölu og hlutfallslega hækkun kjarasamninga SGS/Eflingar á sama tímabili.
- Kauptaxtaukinn reiknast sem hlutfall umframhækkunar af framangreindum kauptaxta og hækka allir lágmarkskauptaxtar kjarasamninga aðila um það hlutfall frá og með 1. apríl ár hvert.
  - a) Í mars 2025 skal horfa til tímabilsins nóvember 2023 - nóvember 2024
  - b) Í mars 2026 skal horfa til tímabilsins nóvember 2024 - nóvember 2025
  - c) Í mars 2027 skal horfa til tímabilsins nóvember 2025 - nóvember 2026

# Framleiðniauki


## Tryggir launafólki hlutdeild í framleiðiaukningu

- Kjarasamningurinn gerir ráð fyrir að framleiðnivöxtur verði 2% að jafnaði á ári á samningstímanum.
- Aukist framleiðni meira mun launafólk fá hlutdeild í þeirri verðmætaaukningu í formi sérstaks framleiðniauka, að því marki sem atvinnulífið hefur ekki þegar hækkað laun til samræmis við aukningu framleiðni.
- Launa og forsendunefnd ákvarðar framleiðniauka, verði tilefni til greiðslu hans.
- Framleiðniauki getur komið til greiðslu skv. meðfylgjandi töflu á eftirfarandi dagsetningum:
  - **1. apríl 2026, vegna framleiðni 2025**
  - **1. apríl 2027, vegna framleiðni 2026**

Framleiðni	Framleiðniauki
>2,0%	0,35%
>2,5%	0,70%
>3,0%	1,05%

# Framlag stjórnvalda

- Framlag stjórnvalda er mikilvægur hluti af ávinningi kjarasamningsins.
- Ríkisstjórnin hefur kynnt aðgerðaáætlun sem felur í sér fjárframlög til ýmissa mála sem gagnast vinnandi fólki
- Er þar um að ræða árlega aukningu ríkisútgjalda um 20 milljarða, samtals um 80 milljarða á samningstímanum.
- [Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar](#)
- [Kynning á vef stjórnarráðsins](#)



# Framlag stjórnvalda

## Húsnæðismál og húsnæðisstuðningur

- **Öflug íbúðauppbygging**

- Haldið verður áfram markvissri uppbyggingu í almenna íbúðakerfinu með opinberum framboðsstuðningi gegnum stofnframlög og hlutdeildarlán til að treysta húsnæðisöryggi og tryggja viðráðanlegan húsnæðiskostnað tekjulægri heimila.
- Stutt verður við byggingu allt að 1.000 íbúða á ári, tekjumörk hlutdeildarlána hækkuð um 8,2% frá 1. apríl 2024.

- **Aukið framboð húsnæðis**

- Lóðaframboð bætt, stjórnsýsla einfölduð og lífeyrissjóðum auðveldað að koma að uppbyggingu á íbúðarhúsnæðis til útleigu.
- Stuðlað verður að auknu framboði íbúðarhúsnæðis og fjölgun hagkvæmra íbúða ásamt aukinni aðkomu lífeyrissjóðanna að fjárfestingu í húsnæði.
- Stofnframlög og hlutdeildarlán tryggð á samningstímanum vegna bygginga 1.000 íbúða á ári.
- Tekjumörk hlutdeildarlána fyrstu kaupenda hækkuð um 8,2% 1. apríl 2024.

# Framlag stjórnvalda

## Húsnæðismál og húsnæðisstuðningur

- **Sérstakur vaxtastuðningur** vegna háa vaxtakostnaðar
  - 5-7 milljarðar á árinu 2024
  - Inn á höfuðstól nema fólk óski eftir öðru
  - Viðtakendur: 50.000 einstaklingar, einkum heimili í lág- og millitekjuhópum
- **Húsnæðisbætur**
  - Húsnæðisbótakerfið styrkt.
  - Grunnfjárhæðir og eignaskerðingarmörk hækkuð frá 1. júní 2024
  - Framlög hækka um 2,5 milljarða
  - Sérstök viðbót miðast að því að styðja betur við fjölmennari fjölskyldur
  - Réttarbætur tryggðar fyrir leigjendur með breytingum á húsaleigulögum, skýrari rammi um ákvörðun leigufjárhæðar og fyrirsjáanleika um breytingar á leigufjárhæð.
  - Ráðist verður í kynningarátak um réttindi og skyldur á leigumarkaði, ráðgjöf og upplýsingagjöf til leigjenda aukinn í samstarfi við Leigjendaaðstoðina.

# Framlag stjórnvalda

## Barnafjölskyldur

- **Barnabætur** - markmiðið er að fjölga viðtakendum barnabóta og að skerðingarmörkin verði hækkuð í átt að miðtekjum
  - Stuðningur aukinn um 3 ma. á árinu 2024 og um 2 ma. til viðbótar 2025
  - Grunnfjárhæðir hækka
  - Skerðingarhlutfall lækkað
  - Skerðingarmörk hækkuð
- **Fæðingarorlof** – Hámarksupphæð hækkar úr 600þús í 900þús á tímabilinu í þremur áföngum
  - 1. apríl 2024 – 700 þúsund
  - 1. janúar 2025 – 800 þúsund
  - 1. janúar 2026 – 900 þúsund
- **Brúum bilið** – Á samningstímanum er stefnt að því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.

# Framlag stjórnvalda

## Barnafjölskyldur

- **Gjaldfrjálsar skólamáltíðir –**

- Útfærð verður leið til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsar frá ágúst 2024 út samningstímann
- Áætlaður kostnaður forráðamanna í dag er 5 ma. og ríkið fjármagnar 75%
- Ríki og sveitarfélög munu útfæra þetta í sameiningu fyrir lok maí 2024
- Óháðum aðila falið að leggja mat á framgang verkefnisins vorið 2026

# Framlag stjórnvalda

## Ávinningur vegna húsnæðisbóta og barnabóta

- Einstaklingur, barnlaus

Tekjur	Húsnæðisbætur			Barnabætur		
	Fyrir	Eftir	Breyting	Fyrir	Eftir	Breyting
500.000	37.798	47.957	10.159	0	0	0
750.000	10.298	20.457	10.159	0	0	0
1.000.000	0	0	0	0	0	0

- Einstætt foreldri með tvö börn, annað undir 7 ára

Tekjur	Húsnæðisbætur			Barnabætur		
	Fyrir	Eftir	Breyting	Fyrir	Eftir	Breyting
500.000	62.916	78.645	15.729	78.275	89.000	10.725
750.000	61.188	76.917	15.729	59.554	69.833	10.279
1.000.000	33.688	49.417	15.729	47.054	59.833	12.779

- Par með tvö börn, annað undir 7 ára

Tekjur	Húsnæðisbætur			Barnabætur		
	Fyrir	Eftir	Breyting	Fyrir	Eftir	Breyting
750.000	68.159	85.199	17.040	62.500	65.500	3.000
1.000.000	45.662	62.702	17.040	44.042	58.833	14.792
1.500.000	0	7.702	7.702	17.438	31.333	13.896
2.000.000	0	0	0	0	11.333	11.333



# Framlag stjórnvalda – Önnur atriði

- **Gjaldskrár hins opinbera** – Ríkið skuldbindur sig til að hækka ekki umfram 2,5% á árinu 2025. Tilmæli til sveitarfélaga um að endurskoða áður útgefnar hækkanir og halda þeim innan 3,5% vegna barnafjölskyldna.
- **Ábyrgðasjóður launa** – Hámarksábyrgð fylgi verðlagi og launaþróun, hækkar í þremur áföngum í 970þús í lok samningstímans.
- **Kostnaður við að sækja heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni** – Ferðum fjölgað í fjórar á ári.
- **Vinnustaðanámssjóður** – Viðbótarfjármagn í sjóðinn 150 milljónir.
- **Menntasjóður námsmanna** – Breytingar gerðar á lögum til að léttva xaxtabyrði og draga úr ófyrirséðum hækkunum.
- **Virðismat starfa** – Kynbundinn launamunur enn til staðar sem skýrist einkum af kynskiptum vinnumarkaði og kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum. Vinnu verður haldið áfram, virðismatskerfi innleitt í áföngum og liggi fyrir í árslok 2026

# Önnur atriði samnings

## Leiðrétting launa í ræstingu

- **Röðun í töflu**
  - Hækkun um 2 launaflokka. Ræstingu verður raðað í lfl. 8, var áður í lfl. 6.
- **Viðbótarlaun**
  - Ræstingarauki verður greiddur frá 1. ágúst 2024.
  - Sérstök mánaðarleg greiðsla kr. 19.500 auk orlofs.
- **Skilgreiningar**
  - Í nýrri grein 22.1.2.5 er fyrirkomulag ræstingar í tímamældri ákvæðisvinnu betur skilgreint, og er ætlað að tryggja að launafólk fái greitt 20% álag sem fylgja á slíku vinnufyrirkomulagi.
- **Útboðsmál**
  - Skipun starfshóps sem fær það verkefni að greina stöðu útboðsmála í ræstingu og móta æskilegar útboðsaðferðir, og funda með helstu útboðsaðilum á ræstingarþjónustu til að tryggja að útboð taki í meira mæli mið af hæfni og gæðum.
  - Fundum með helstu útboðsaðilum skal lokið 1. október 2024.

# Önnur atriði samnings

## Leiðrétting launa í ræstingu

	Taxtahækkun strax	2 lfl. frá 1. febrúar	Ræstingarauki frá 1. ágúst	Samtals
Byrjunarlaun	24.026 kr.	5.013 kr.	19.500 kr.	455.454 kr.
Eftir 1 árs starf í starfsgrein	24.267 kr.	5.064 kr.	19.500 kr.	459.814 kr.
Eftir 3 ára starf í starfsgrein	24.631 kr.	5.139 kr.	19.500 kr.	466.418 kr.
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	25.123 kr.	5.242 kr.	19.500 kr.	475.357 kr.

	Mánaðarlaun áður	Mánaðarlaun frá 1. ágúst	Hækkun kr.	Hækkun %
Byrjunarlaun	406.914 kr.	455.454 kr.	48.540 kr.	11,9%
Eftir 1 árs starf í starfsgrein	410.984 kr.	459.814 kr.	48.830 kr.	11,9%
Eftir 3 ára starf í starfsgrein	417.148 kr.	466.418 k.	49.270 kr.	11,8%
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	425.491 kr.	475.357 kr.	49.865 kr.	11,7%

# Önnur atriði samnings

## Greiðasölusamningur

- Starfsfólk hótela og veitingahúsa hækka um 1 launaflokk.
  - Almennt starfsfólk úr lfl. 5 í lfl. 6
  - Sérþjálfaðir úr lfl. 6 í lfl. 7
- Á móti kemur að heimilt verður að greiða vaktaálag þar til fullum vinnuskilum er náð. Yfirvinnukaup greiðist eftir full vinnuskil.
- Í 5. kafla um fyrirtækjapátt eru heimildir auknar til að semja um upptöku jafnaðarálags að gefnu samþykki stéttarfélags og starfsfólks.
- Stéttarfélög hafa fulla aðkomu að viðræðum um slíkt og aðgang að öllum gögnum sem liggja til grundvallar útreikningum á jafnaðarálagi.

# Önnur atriði samnings

## Fiskvinnslukaflinn

- Ýmis konar tiltekt, aðalmálið er þetta:

### Grein 18.4.5.1, orðast þannig

- Fiskvinnslufólk sem hefur lokið fiskvinnslunámskeiði færist í 9. launaflokk.
- Ef starfsmanni er ekki boðið námskeiðið innan 11 mánaða eftir gildistíma kauptryggingar skulu starfsmenn eigi að síður njóta hækkunar.
- Ef starfsmaður sækir síðar fiskvinnslunámskeið, sem hefur þegar fengið hækkun, fær hann ekki frekari hækkanir vegna fiskvinnslunámskeiðs.
- Hafni starfsmaður að sækja námskeiðið fellur hækkunin niður.



# Önnur atriði samnings

## Nýtt hæfnilaunakerfi

- Rammasamningur um nýtt hæfnilaunakerfi í 5. kafla um fyrirtækjapátt
- Breytingar á gr. 1.1.3 og 1.1.4, með vísun í hæfnilaunakerfið
- Í nýju hæfnilaunakerfi er heimilt að meta hæfni til launa
- Þegar öllum hæfnikröfum starfs er náð er færnin staðfest með fagbréfi viðkomandi starfs, sem gefið er út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Með þessu er lagður grunnur að launasetningu út frá eðli starfsins og hæfni starfsfólks óháð starfsheiti sem eru ekki hluti af þessu kerfi.

# Önnur atriði samnings

## Nýtt hæfnilaunakerfi – bókun og framkvæmdaáætlun

### Bókun um nýtt hæfnilaunakerfi [2024]

Aðilar eru sammála um að stofna hóp (tveir fulltrúar frá SA og tveir frá SGS) sem komi saman að lágmarki fjórum sinnum á ári til að fylgja eftir framkvæmdaáætlun og meta stöðu verkefnisins með reglubundnum hætti í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

### Framkvæmdaáætlun

Aðilar eru sammála um að fjölga starfaprófilum í samráði við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þar sem hæfniviðmið starfs eru greind með hæfnigreiningu, matslistar þróaðir fyrir störf, og í kjölfarið er hæfni staðfest með útgáfu Fagbréfa.

Aðilar eru sammála um gerð kynningarefnis og leiðbeiningar fyrir fyrirtæki og starfsfólk um nýja hæfnilaunakerfið. Aðilar vinna sameiginlega að gerð kynningarefnisins í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

# Önnur atriði samnings

## Aukinn orlofsréttur og breyting á ávinnslu orlofs

- Frá og með 1. maí 2024 breytist ávinnsla orlofs, þ.e. orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025
  - Eftir 22 ára aldur og 6 mánuði í fyrirtæki er orlof 25 dagar og orlofslaun 10,64%
  - Eftir 5 ár í fyrirtæki er orlof 26 dagar og orlofslaun 11,11%
- Frá og með 1. maí 2025 breytist ávinnsla orlofs, þ.e. orlof sem kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026
  - Eftir 5 ár í fyrirtæki er orlof 28 dagar og orlofslaun 12,07%

### Eldra fyrirkomulag:

Orlofs-dagar	Orlofs %	Hvernig áunnið?
24	10,17%	Lágmarksorlof
25	10,64%	5 ár í fyrirtæki /10 ár í starfsgrein
30	13,04%	10 ár hjá sama fyrirtæki

### Ávinnsla frá 1.5.2024:

Orlofs-dagar	Orlofs %	Hvernig áunnið?
24	10,17%	Lágmarksorlof byrjenda
25	10,64%	22 ára aldur og 6 mánaða starf
26	11,11%	5 ár í fyrirtæki
30	13,04%	10 ár hjá sama fyrirtæki

### Ávinnsla frá 1.5.2025:

Orlofs-dagar	Orlofs%	Hvernig áunnið?
24	10,17%	Lágmarksorlof byrjenda
25	10,64%	22 ára aldur og 6 mánaða starf
28	12,07%	5 ár í fyrirtæki
30	13,04%	10 ár hjá sama fyrirtæki



# Önnur atriði samnings sem snúa að SGS

- Gr 3.4.2 – Fæðispeningar taka sérstökum hækkunum:
  - Fjárhæðin kr. 2.178 verður kr. 3.000
  - Fjárhæðin kr. 4.547 verður kr. 6.000
  - Fjárhæðin kr. 6.325 verður kr. 9.000
- Gr. 5.11 – Endurbætur á kafla um styttingu vinnutíma. Markvisst verði unnið að því á samningstímanum að fjölga samningum sem gerðir eru undir þessum kafla.
- Ný grein 7.6 - Ábendingar um öryggi og aðbúnað á vinnustað (8.7 í greiðasölusamningi)
  - Samkvæmt ákvæðum kaflans er atvinnurekanda óheimilt að láta starfsmann sem leggur fram athugasemd vegna aðbúnaðar eða öryggis á vinnustað gjalda þess í starfi að hafa komið með slíka ábendingu. Jafnframt ber atvinnurekanda að bregðast við og upplýsa starfsmann um framgang málsins.

# Önnur atriði samnings sem snúa að SGS

- 13. kafli um trúnaðarmenn styrktur
  - Heimilt að kjósa þrjá trúnaðarmenn þar sem starfa fleiri en 120
  - Gera skal samkomulag um þann tíma sem trúnaðarmaður þarf til að sinna sínum störfum
  - Réttur trúnaðarmanns til setu á námskeiði aukinn og vaktavinnufólk betur tryggt gegn launatapi sökum námskeiðssetu
- 17.8 um hópþreifreiðastjóra
  - Vinnutíma bílstjóra í ferð telst ekki lokið fyrr en hann er kominn á þann gististað sem atvinnurekandi hefur ákveðið
- Heimildir eftirlitsfulltrúa
  - Heimildir fulltrúa í vinnustaðaeftirliti ná nú til fyrirtækja í ræstingu og fiskvinnslu
- Bókun um áhrif tómlætis:
  - Ef kjör starfsmanns, heildstætt metið, eru lakari en lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningi, skal krafa hans um leiðréttingu, komi hún fram á starfstíma eða innan 6 mánaða frá starfslokum, ekki falla niður fyrir tómlæti en fynast samkvæmt almennum reglum

# Ávinningur vegna vaxtalækkunar

## Óverðtryggt lán – jafnar afborganir

- Við undirritun samnings eru stýrivextir 9,25%
- Vaxtalækkun samhliða lækkun verðlags skilar lántakendum umtalsverðum ávinningi.

Lánsfjárhæð	Lækkun vaxta	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
25.000.000	1%	20.833	33.560	402.720
	1,50%	31.250	50.350	604.200
	2%	41.667	67.130	805.560
	2,50%	52.083	83.910	1.006.920

Lánsfjárhæð	Lækkun vaxta	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
33.000.000	1%	27.500	44.300	531.600
	1,50%	41.250	66.460	797.520
	2%	55.000	88.600	1.063.200
	2,50%	68.750	110.760	1.329.120

Lánsfjárhæð	Lækkun vaxta	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
40.000.000	1%	33.333	53.706	644.472
	1,50%	50.000	80.559	966.708
	2%	66.667	107.413	1.288.956
	2,50%	83.333	134.265	1.611.180

Lánsfjárhæð	Lækkun vaxta	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
60.000.000	1%	50.000	80.560	966.720
	1,50%	75.000	120.840	1.450.080
	2%	100.000	161.120	1.933.440
	2,50%	125.000	201.400	2.416.800

# Ávinningur vegna lækkunar verðbólgu

- Við undirritun samnings er verðbólga 6,6%.
- Í lækkun verðbólgu felst umtalsverður ávinningur fyrir lántaka verðtryggðra lána

Lánsfjárhæð	Verðbólga	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
<b>25.000.000</b>	6%	12.500	20.140	241.680
	5%	33.333	53.706	644.472
	4%	54.167	87.273	1.047.276
	3%	75.000	120.839	1.450.068

Lánsfjárhæð	Verðbólga	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
<b>33.000.000</b>	6%	16.500	26.585	319.020
	5%	44.000	70.892	850.704
	4%	71.500	115.200	1.382.400
	3%	99.000	159.508	1.914.096

Lánsfjárhæð	Verðbólga	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
<b>40.000.000</b>	6%	20.000	32.224	386.688
	5%	53.333	85.929	1.031.148
	4%	86.667	139.637	1.675.644
	3%	120.000	193.343	2.320.116

Lánsfjárhæð	Verðbólga	Ávinningur pr. mánuð	Sambærileg „launahækkun“	Sambærileg árslaun
<b>60.000.000</b>	6%	30.000	48.336	580.032
	5%	80.000	128.895	1.546.740
	4%	130.000	209.454	2.513.448
	3%	180.000	290.014	3.480.168

# Atkvæðagreiðsla er hafin

Atkvæðagreiðslan stendur til kl. 9:00 miðvikudaginn 20. mars og fer fram á [www.asa.is/minarsidur](http://www.asa.is/minarsidur).

AFL Starfsgreinafélag hvetur félagsmenn til þess að taka afstöðu til samningsins.



SGS

Starfsgreinasamband Íslands